

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/617 1  
komudagur 9.12.2009



## Skattstjóri Suðurlandsumdæmis

Vegskálum 1 850 Hella Sími 488 5500

Netfang : sudurland@skattur.is Vefsíða: simnet.is/skattur Fax: 487 5844

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Hellu , 9. desember. 2009

### Umsögn um lagafrumvarp. Mál 257. Umhverfis- og auðlindaskattar


Með tölvupóstbréfi dagsettu 5. desember .sl og barst embætti mínu 7. sama mánaðar , óskið þér eftir umsögn minni um frumvarp á þingskjali 293, 257. mál yfirstandandi löggjafarþings. Um er að ræða frumvarp um nýmæli í skattálagningu þ.e.a.s. lagt er til að sérstakt kolefnisgjald verði lagt á. bensín, dísilolíu, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluolíu. Auk þess er lagður til sérstakur skattur á sölu á raforku og heitu vatni þar sem skilaskyldir eru allir þeir sem selja raforku og heitt vatn til notenda

Í frumvarpinu er lagt til tollstjóri annist álagningu, innheimtu og eftirlit með greiðslu kolefnisgjalds en að rikisskattstjóri annist álagningu skatts á raforku og heitt vatn.

Hér er um nýja skatta að ræða sem kalla á aðlögun skattkerfisins og gjaldenda að breyttum skattskilum. Ekki verður séð að skattfrankvæmdin sem slík sé flókin eða erfið í umsýslu og að litlu leyti snertir hún valdsvið skattstjóra.

Almennt séð er það mín skoðun að fjölgun skatta og nýbreytni ó alagningu þeirra sé ekki æskileg. Í þess stað ætti að leitast við að breikka þá skattstofna og þann skattgrunn sem fyrir er í frankvæmdinni.

Þetta frumvarp er ekki í samræmi við þetta sjónarmið.

Virðingarfyllt  
  
Steinnþór Haraldsson  
Skattstjóri Suðurlandsumdæmis